



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2018110018

9. maí 2019

### Jaðarleiti og Efstaleiti, bann við því að leggja

Lagt er til að sett verði bann við því að leggja:

- Við suðurkant Jaðarleitis. Bannið sé táknað með B21.11.
- Við báða kanta Efstaleitis milli Listabrautar og Bústaðavegar. Bannið sé táknað með B21.11.
- Báðum megin í beygjunni í suðaustur horni lóðar Efstaleitis 1. Bannið sé táknað með B21.11.
- Báðum megin við akstursleið meðfram aðalinngangi Efstaleitis 1 nema nyrst þar sem afmörkuð eru bílastæði. Bannið sé táknað með B21.11.
- Báðum megin á akstursleið á milli bílastæða vestast á lóð Efstaleitis 1. Bannið sé táknað með B21.11.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Myndir til skýringar eru á næstu síðu.

Jaðarleiti er 6m breið og rúmar því ekki að lagt sé í götunni. Áður hefur verið lagt bann við því að leggja í norðurkanti götunnar en við það færðust bifreiðastöður að suðurkanti götunnar þar sem ökutæki teppa umferð um götuna þar sem þrenging er í götunni og koma í veg fyrir að hægt sé að losa sorpgáma íbúðahúsnæðis við Jaðarleiti.

Efstaleiti er um 7 m breið gata sem þjónar sem tenging hverfisins við ytra gatnakerfið, stofnbrautirnar og rúmar breiddin ekki að lagt sé í götunni.

Tillaga að banni við því að leggja á ákveðnum stöðum innan lóðar Efstaleitis 1 er gerð að ósk lóðarhafa (RÚV). Beiðnin, dags. 11.apríl 2019, fylgir með sem viðhengi. Þetta er gert til þess að tryggja öryggi og aðgengi innan lóðarinnar.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála





Mynd 1 Lagt er til að óheimilt verði að leggja við á þeim stöðum sem merktir eru með rauðu. Þegar er í gildi bann við því að leggja þar sem merkt er með bláu. ([www.borgarvefsja.is](http://www.borgarvefsja.is), LUKR/Samsýn)



Mynd 2 Myndir sem sýna hvernig lagt er í Jaðarleiti í dag. Önnur af tveimur djúpgámasamstæðum sést á hægri myndinni.






**From:** [Bragi Reynisson](#)  
**To:** [Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir](#)  
**Cc:** [Þorsteinn Rúnar Hermannsson](#); [Anna Bjarney Sigurðardóttir](#)  
**Subject:** Stöðubann á lóð Ríkisútvarps, Efstaleiti 1  
**Date:** fimmtudagur, 11. apríl 2019 21:15:31  
**Attachments:** [pastedImage.png](#)

---

Sæl Guðbjörg

Sendi hér með formlega beiðni um stöðubann inn á lóð Ríkisútvarpsins við Efstaleiti 1

Um er að ræða 3 svæði samkvæmt meðfylgjandi teikningu.



Með kveðju



**Bragi Reynisson**  
Deildarstjóri útsendingar og dreifikerfa  
Head of MCR and distribution networks  
Öryggisstjóri RÚV

GSM: 867 0043